

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 60/2007

frá 8. júní 2007

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2007 frá 27. apríl 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1366/2006 frá 6. september 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2037/2000 að því er varðar grunnár fyrir úthlutun kvóta fyrir vetnisklórflúorkolefni til þeirra aðildarríkja sem fengu aðild að Evrópusambandinu hinn 1. maí 2004 ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 21aa (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000) í XX. viðauka við samninginn:

„– **32006 R 1366**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1366/2006 frá 6. september 2006 (Stjtíð. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1366/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 65, og EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 12.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 8. júní 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.